

Ferðin til Saminraka

Þetta byrjaði allt saman á sunnudagsmorgni í ágúst. Ég sat á Silfurtorginu heima á Ísafirði og var að borða volga kringlu úr bakaríinu. Ísfirskar kringlur eru í miklu uppáhaldi hjá mér og pabba. Hann lét meira að segja senda okkur frosnar kringlur til Svíþjóðar þegar við bjuggum þar. Og þótt það væri mánuður síðan við fluttum til Ísafjarðar (komum heim eins og pabbi orðaði það) þá héldu kringlurnar áfram að vera jafn spennandi.

Þennan morgun hafði ég drifið mig í sund. Ég var ákveðin í að komast í keppnisið sundfélagsins og þurfti þess vegna að koma mér í almennilegt form eftir sumarfríið. Síðan ég byrjaði að æfa sund hefur mig dreymt um að keppa – og vinna – á Íslandsmóti fyrir Ísafjörð. Ísafjörður hefur alltaf verið bærinn minn þó að ég hafi bara átt heima hérna í tvö ár þegar ég var lítil. Kannski er það vegna þess að pabbi er alinn upp hér og það var hérna sem hann fann mömmu mína.

Ég er ekki að reyna að vera skáldleg þegar ég segi þetta. Pabbi fann mömmu niðri í fjöru, meðvitundarlausu og hætt komna af ofkælingu. Mamma mundi ekki hvaðan hún kom, hvað hún hét eða hver hún var yfirleitt. Það vakti auðvitað mikla athygli, „minnislaus ung kona finnst í fjöru“, það var eins og í bestu sápuóperu. Enda var víst varla um annað talað fyrst á eftir. Dagblöðin fylgdust líka vel með málinu og áður en við fluttum hingað fór ég á Landsbókasafnið og las gömlu greinarnar um hana. Pabbi og mamma höfðu auðvitað sagt mér frá þessu, en það var allt öðruvísi að lesa um þetta í blöðunum. Þar voru alls konar kenningar um hver hún væri. Sumir héldu að hún hefði dottið útbyrðis af einhverju skipi, aðrir að hún væri ólöglegur innflytjandi.

Einhverjir héldu því fram að hún væri álfkona og það voru meira að segja nokkrir vissir um að hún væri geimvera.

Flestar greinarnar birtust í vikunni sem hún fannst en nokkrar voru skrifaðar seinna. Síðasta blaðgreinin sem ég las fjallaði um hvernig mömmu hefði tekist að venjast lífinu á Íslandi. Fyrirsögnin var „Huldukonan finnur hamingjuna“ og undir henni var stór mynd af pabba, mömmu og smábarni (mér) fyrir framan flugstöðina. Þau voru á leiðinni til útlanda í framhaldsnám. Ég tók eftir því að blöðin kölluðu mömmu alltaf huldukonuna en það höfðu pabbi og mamma ekki sagt mér. Kannski fannst þeim það asnalegt, því mamma tók sér nafnið Hulda Ægisdóttir.

Ég sat sem sagt á torginu þegar mig langaði allt í einu að hjóla út úr bænum. Það er reyndar ekki alveg rétt. Mig langaði ekki beinlínis til þess, það var meira eins og eitthvert ósýnilegt afl bæði togaði í mig og ýtti mér af stað. Ég hjólaði inn í botn fjarðarins og út með honum hinumegin án þess að vita hvert ég væri að fara. Ég var komin fram hjá flugvellinum þegar ég nam loksins staðar, henti frá mér hjólinu og klöngraðist niður bratta brekku alveg niður í fjöru. Mér heyrðist einhver kalla á mig en þegar ég stoppaði til að hlusta heyrði ég ekkert nema úið í æðarfuglinum og lágvært öldugjálfur.

Ég settist á stóran stein og kastaði mæðinni. Þá áttaði ég mig á því hvar ég var. Það var hér sem mamma fannst. Þetta var vikin sem öll blöðin höfðu birt myndir af. Það sést ekki niður í hana frá veginum og klettarnir báðum megin skýla henni líka. Uppi í brekkunni er stór aflangur steinn sem stendur beint út í loftið og bendir út á sjó. Mér fannst hann vera að segja

mér eitthvað þótt ég gæti ekki skilið hvað það væri. Í fjöruborðinu er annar steinn sem bendir í sömu átt. Ég steig upp á hann og horfði í kringum mig. Hafflöturinn var rennisléttur og loftið undarlega kyrrt. Það var eins og öll veröldin syngi seiðandi lágværan söng sem smaug inn í hugann. Mér fannst eins og sjórinn togaði í mig svo ég gekk af stað og óð beint út í. Ég fór á kaf en varð ekki blaut. Svo varð allt svart.

(Harpa Jónsdóttir, 2002, *Ferðin til Saminraka*)

Garðurinn

Undarlegt að til skuli vera húsgagn sem heitir eftir herberginu sem heitir eftir því. Borðstofuborð. Það var það sem okkur vantaði. Í nýju íbúðinni var nefnilega rúmgóð borðstofa þar sem við gátum komið fyrir stóru borði og boðið til fjölmennrar matarveislu eða setið saman yfir spili. Við mamma fórum í IKEA þar sem við létum okkur hafa það að þvælast úr einni endalausum deildinni í aðra. Við vorum orðnar svo uppgefnar þegar við komum loksins að borðstofuborðunum að við völdum það fyrsta sem við sáum. Við búðarkassann byrjaði síminn hennar mömmu að leika stefið úr Beðmálum í borginni. Skvísurnar úr þeim þáttum hefðu frekar haldið sig heima hjá sér í New York en að þræða ranghala IKEA. „Allt í lagi, við hittum þig þar,“ sagði mamma í símann.

„Hvar er hann?“ Ég vissi að þetta hlaut að vera pabbi.

„Í antíkverslun niðri í bæ. Hann vill að við komum þangað til að líta á stól sem hann fann.“

Það var svalt þótt enn væri ágúst og mamma setti miðstöðina á. Þá loksins mundi ég eftir nokkru sem ég hafði verið að velta fyrir mér um nóttina. „Var íbúðin ekki eitthvað ódýrari út af kirkjugarðinum?“

„Heldurðu að íbúðir falli í verði við það að vera nálægt sjálfum Hólavallagarði?“ Mamma gjóaði til mín auga undan svörtum hártoppnum. „Nei, elskan, það er ekki svo gott. Þetta er eitt af vinsælustu hverfum borgarinnar.“

Þar fór það. Ég varð bara að venjast því að sofa upp við allt þetta dána fólk. Í antíkúðinni sat pabbi úti á miðju gólfi í virðulegum brúnum

hægindastól með háu baki og las í blaði. Það leit helst út fyrir að hann ætti heima þarna, svo makindalegur var hann. Um leið og hann varð okkar var lagði hann blaðið frá sér. „Er hann ekki mergjaður, Guðrún?“ spurði hann hamingjusamur og greip um útskorna armana.

„Þetta er stæðilegasti gripur,“ sagði mamma og strauk yfir leðrið. „Loksins höfum við pláss fyrir stólinn sem mig hefur alltaf langað í. Ekta lestrarstól. Svo kostar hann nánast ekki neitt, hann er furðulega ódýr.“

„Þá skaltu bara skella þér á hann. Ekki spurning. Má ég prófa?“ Pabbi stökk upp úr stólnum. Leðrið var alsett litlum rákum sem minntu á hrukkur á enni gamalmennis. Í setunni var dökkur blettur. Það var eins og einhver sæti enn í stólnum þótt pabbi væri staðinn upp. Merkilegastir voru samt fæturnir. Að aftan voru þeir ósköp venjulegir en á þeim fremri voru útskornar arnarklær.

„Þessi stóll er listasmíði. Það voru nokkrir snikkarar í Reykjavík sem smíðuðu svona glæsilegar muðlur í kringum fyrri heimsstyrjöld. Ég er einmitt í réttu umhverfi í honum þegar ég fer að skrifa bókina mína. Hann er nánast jafngamall spönsku veikinni. Og hann er ekki bara á góðu verði, það er líka sál í honum,“ sagði pabbi og gaf mömmu merki um að setjast.

Á bak við búðarborðið stóð ljóshærð kona í fleginni hvíttri skyrtu og svörtu vesti. Hún horfði athugul á mig eins og hún byggist við því að ég ætlaði að stinga einhverju inn á mig. Svo mýktist allt í einu svipurinn á henni. „Finnst þér þær ekki flottar?“ spurði hún og nikkaði til hálsfestanna. „Þessi fjólubláa er uppáhaldið mitt. Það hefur örugglega einhver mikil skvísa átt hana.“

„Hvað meinarðu? Átti einhver þessar hálsfestar?“

„Já, já, allt dótið hérna kemur annaðhvort frá útlöndum eða úr íslenskum dánarbúum.“

Ég vissi hvað mjólkurbú var og býflugnabú en ekki dánarbú. Konan sá á mér að ég skildi hana ekki. „Dánarbú eru eigur látins fólks,“ útskýrði hún.

Það fór hrollur um mig. Mig langaði ekki til að vera hér lengur en pabbi og mamma voru enn að máta stólinn.

„Þú hefur algjörlega rétt fyrir þér, Helgi. Þetta er frábær stóll. Ég vil helst ekki standa upp úr honum aftur,“ sagði mamma og lygndi aftur augunum.

„Hann á eftir að fara vel inni í stofu. Það vantar stól þar.“

Pabbi sló í bak stólsins eins og þeir væru gamlir félagar. Kannski var það bara vegna þess að tekið var að rökkva en bletturinn í setunni virtist hafa breiðst upp á bakið. Það var eitthvað skrítið við þennan stól, eins og hann væri ekki venjulegt húsgagn, heldur dýr í dvala.

Grímseyingurinn og bjarndýrið

Einu sinni vildi svo til um vetur að eldur dó í Grímsey svo ekki varð kveikt upp á neinum bæ. Þá voru logn og frosthörkur svo miklar að Grímseyjarsund var lagt með ísi og kallað manngengt. Grímseyingar réðu það þá af að senda menn til meginlands til að sækja eld og völdu til þess þrjá hina vöskustu menn í eygni. Hófu þeir ferðina snemma morguns í heiðríku veðri og fylgdi þeim fjöldi eyjarskeggja út á ísinn, báðu þeim lukkulegrar ferðar og fljótrar afturkomu.

Það segir nú ekki af ferðum sendimanna fyrr en þeir á miðju sundi koma að vök einni sem ekki sá fyrir endann á og var svo breið að tveir gátu með naumindum stokkið yfir hana, en einn treysti sér ekki til þess. Þeir réðu honum þá að hverfa aftur til eyjarinnar og héldu áfram ferð sinni, en hann stóð eftir á vakarbarminum og horfði á eftir þeim. Honum var nauðugt að hverfa aftur við svo búið og ræður því af að ganga með vökinni ef hún kynni að vera mjórri í einum stað en öðrum.

Þegar á leið daginn fór loft að þykkna og gekk upp sunnanátt með stormi og regni. Ísinn tók að leysa sundur og maðurinn varð loks staddur á jaka einum sem rak til hafs. Um kveldið ber jakann að stórri spöng og gengur maðurinn upp á hana.

Sér hann þá bjarndýr skammt frá sér sem liggur þar á ungum. Hann er orðinn kaldur og svangur og kveið nú fyrir lífinu. Þegar bjarndýrið sér manninn horfir það á hann um hríð; síðan stendur það upp, gengur til hans og allt í kringum hann og gefur honum merki að hann skuli leggjast niður í bælið hjá ungunum. Hann gjörir það með hálfum huga. Síðan leggst dýrið niður hjá honum, breiðir sig

út yfir hann, kemur honum á spenana og lætur hann sjúga sig með ungunum.

Nú líður nóttin. Daginn eftir stendur dýrið upp, gengur spölkorn frá bælinu og bendir manninum að koma. Þegar hann kemur út á ísinn leggst dýrið niður fyrir fætur hans og bendir honum upp á bakið á sér. Þegar hann er kominn því á bak stendur dýrið upp, hristir sig og skekur uns maðurinn dettur niður. Það gjörði þá ekki frekari tilraun að sinni, en manninn furðaði mjög á þessum leik.

Nú liðu þrír dagar og lá maðurinn á næturnar í bæli dýrsins og saug það, en á hverjum morgni lét það hann fara sér á bak og hristi sig uns hann gat ekki lengur haldið sér. Fjórdæ morguninn gat maðurinn haldið sér föstum á baki dýrsins hvernig sem það hristi sig. Þá leggur það á áliðnum degi til sunds með manninn á bakinu og syndir með hann til eyjarinnar.

Þegar maðurinn kemur í land gengur hann upp á eyna og bendir bjarndýrinu að koma á eftir sér. Hann gengur heim til sín á undan því og lætur þegar mjólka bestu kúna í fjósinu og gefur dýrinu að drekka nýmjólk eins og það vildi; síðan gengur hann á undan því til fjárhúss síns, lætur taka tvo vænstu sauðina og drepa, bindur þá saman á hornunum og lætur um þvert bak á dýrinu. Þá snýr það til sjávar og syndir út til unganna.

En þá var gleði mikil í Grímsey því meðan eyjarmenn horfðu undrandi eftir bjarndýrinu sáu þeir skip koma úr landi er sigldi hraðbyri til eyjarinnar; væntu þeir þar hinna sendimannanna með eldinn.

Hundurinn sem þráði að verða frægur

Þegar hundurinn hafði ákveðið að verða vinsælasti hundur í heimi byrjaði hann að sniglast í kringum heimilisfólkið til að ná vinsældum þess. Fyrst reyndi hann að sýna vinalást. Það bar engan árangur. Húsbændurnir fustuðu og sögðu:

– Vertu ekki alltaf utan í okkur!

Þá datt honum í hug að sýna skemmtiatriði, viss um að þau leiddu örugglega til vinsælda.

– Hvaða fíflalæti eru hlaupin í rakkann? spurði konan þegar hann settist fyrir framan hana, glennti upp skoltinn, lét tunguna lafa og lyfti loppunni.

Konan fustaði og hafði nóg með húsverkin og það að hugsa um dótturina sem grenjaði oft til að fá umhyggju hennar. Grenjið hafði meiri áhrif en gleðilæti hundsins. Þá reyndi hann við bóndann úti í hesthúsi og bjóst við að hann klappaði honum. Bóndinn lét sem hann tæki ekki eftir neinu svo hundurinn reyndi að væla eins og telpan. Það gerði illt verra. Konan hætta að hleypra honum inn í húsið og sagði byrst þegar hún fór út og sá hann liggja á tröppunum:

– Burt frá löppunum á mér!

Það eina sem hundurinn hafði upp úr krafsinu var að öllum þótti hann óþolandi.

– Maður gæti haldið að fjandinn hefði hlaupið í kvikindið, sagði bóndinn.

Engu að síður gafst hundurinn ekki upp. Þetta var þrálátt dýr sem hafði tekið ákvörðun og reyndi að fá sínu framgengt hvað sem það kostaði. Hann trúði að sannur hundur léti sér ekki allt fyrir brjósti brenna og ákvað að láta skammirnar ekki hafa nein áhrif á sig.

Þrjúskan jókst og hann reyndi að koma sér betur í mjúkinn eftir því sem oftar var sparkað í

hann. Bráðum hafði hann lært listina að standa á framlöppunum og sparka afturlöppunum aftur fyrir sig og veifa skottinu. Yfirleitt geta hundar þetta ekki en þessi æfði sig þangað til hann gat það leikandi.

Eina nótt komst hann inn um opinn glugga og sleikti hjónin sem sváfu í rúminu. Konan rauk upp með andfælum og kallaði:

– Draugur!

Við að heyra þetta varð hundurinn jafn myrkfællinn og hundar verða þegar dimmir á haustin og þeir spangóla ámátlega. En þessi vissi að vorið var komið og ekkert að óttast svo hann hrinti af sér hræðslunni og sagði kátur:

– Þetta er enginn annar en ég, lubbalegi hundurinn ykkar!

– Hvern fjárann er hann að gera í svefnherberginu? spurði maðurinn hvumsa.

– Ég hélt ég hefði læst húsinu, sagði konan sem svaf fyrir ofan bóndann.

– Hundurinn hefur víst ekki verið að lepja úr koppnum? spurði bóndinn og strauk sér í framan með lófanum. Hann gægðist yfir rúmstokkinn.

– Verið róleg, sagði hundurinn. Mig langaði bara að sýna ykkur vináttu í svefni svo ykkur dreymdi fallega.

– Hentu honum út og læstu! skipaði bóndinn.

– Gerðu það sjálfur, þú sefur í nærbuxunum og verður þess vegna ekki eins kalt og mér, svaraði konan.

Maðurinn staulaðist fram úr.

– Helltu yfir kvikindið úr koppnum, þá gerir hann okkur ekki oftar grikk um nætur, sagði konan.

Bóndinn tók í hnakkadrambið á hundinum, dró hann eftir gólfinu, henti honum út og hellti úr koppnum. Það var ekki þurrt hár á hundinum. Síðan læsti hann dýrunum og ætlaði að láta koppinn aftur á sinn stað en pissaði svolítið í hann áður af því hann nennti ekki á klósettið. Eftir það fór hann að sofa og hraut óskaplega.

Hundurinn lét sér ekkert segjast. Hann hristi sig eftir baðið og hugsaði:

– Í nótt fékk ég yfir mig gusu en á morgun verður mér klórað á bak við eyrun þegar hjónin vakna eftir væran svefn og fagra drauma. Ég er viss um að þau vilja alltaf láta mig sleikja á sér nefið á nóttunni.

(Guðbergur Bergsson, 2001,
Hundurinn sem þráði að vera frægur)

Kátur

Kátur var hirðfíflíð í Stóru-Ávík. Hann fæddist í góðu skapi. Hann var í góðu skapi þegar hrafnarnir höfðu strítt honum heilan dag. Hann var í góðu skapi þegar hann var skammaður. Kátur var oft skammaður, því hann hafði mjög fjarstæðukenndar hugmyndir um smalamennsku. Kátur hélt að hann ætti að elta allar kindur sem hann sá, og reka þær út í buskann. Ég lokaði Kát inni áður en ég rak út úr túninu á morgnana.

Kátur gat vissulega verið uppáþrengjandi með glaðværð sinni, til dæmis þegar hann kom hoppandi af gleði í fangið á mér, eftir að hafa baðað sig í skítalæknum. Í marga daga á eftir héngu kleprarnir fastir í feldinum, en Kátur lét sér það í léttu rúmi liggja. Lífsgleði hans var alveg tær og taumlaus, og hann vildi deila gleði sinni með sem flestum. Hann elti skottið á sér af ástríðu.

Kátur kom alltaf með mér þegar ég gekk á reka á kvöldin, að vitja um nýjustu sendingar frá félagi Brésnejf til Guðmundar í Stóru-Ávík. Kátur kom fljúgandi með mér þegar þýsku túristarnir gerðu sig líklega til að höggva flís úr Grænlandssteininum. Ég ætla ekki að halda því fram að hann hafi verið sannfærandi varðhundur, en ef maður sagði urrdanbíttan fór Kátur að gelta og spangóla meðan hann hringsnerist um sjálfan sig. Þýskararnir urðu skelfingu lostnir yfir þessum íslenska fjárhundi sem fylgdi engum reglum.

Það var Kátur sem kenndi mér, að maður á aldrei að meta neinn út frá því sem hann er ekki. Vissulega var Kátur versti smalahundur í sögu Árneshrepps, og strangt tekið hafði hann þess vegna ekkert notagildi. En hann var vinur, leikfélagi og sálusorgari. Kátur kom alltaf skoppandi á eftir mér þegar ég hljóp út í

móann hjá álfaborginni til að íhuga óréttlætið í heiminum, tilgang lífsins og allar spurningarnar sem ég var viss um að fullorðna fólkið hefði svör við, en sem það hélt – af einhverjum ástæðum – leyndum fyrir börnum. Ég hlakkaði til að verða fullorðinn af þeirri einu ástæðu að þá hlyti ég að fá svörin við spurningunum mínum.

Kátur huggaði mig, þegar ég var meyr eða stúrin. Hann huggaði ekki með hluttekningu hræsnarans, heldur sinni skefjalausu gleði sem einfaldlega feykta burt öllum sortans skýjum og sálarháská. Hann var einn af sendiherrum gleðinnar á jörðinni, og þessvegna stóð hann nær guðdóminum en flest fullorðið fólk.

Kátur var kominn á efri ár þegar við hittumst í síðasta sinn, snemma sumars 1982. Ég var að koma frá Dröngum, ég var á sautjanda ári og mér fannst óralangt síðan ég var lítill smalapiltur. Kátur hafði ekkert breyst. Hann lét mig strax finna að ég væri allra bestí vinur hans í heiminum. Jú, Kátur var ögn þyngri í spori en þegar hann ærslaðist með krummunum, en hann fylgdi mér alla leið upp á Reykjaneshyrnu, sem gengur hnarreist í sjó fram og hlær við briminu og norðangarranum.

Hyrnan er létt uppgöngu frá veginum, þægileg brekka upp að brún hamrabeltisins. Þarna efst á fjallinu er ennþá snjór, svo ómögulegt er að sjá hvar fjallið endar og snjóhengjan tekur við.

Ég skipa Káti að setjast (hann hlýðir) og skrið, ofurhægt, fram á brúnina. Mig langar að sjá niður í fjöruna. Hæðin jafngildir nokkrum Hallgrímskirkjum. Ég skrið áfram og veit ekki hvort ég er í lausu lofti. Ég horfi

heillaður á öldurnar sem skella á klettunum í flæðarmálinu. Ég heyri brak. Ég horfi á öldurnar.

Kátur ærðist, stökk á mig, beit í buxnaskálm og byrjaði að draga mig frá brúninni. Ég vaknaði af álögum, og náði að skríða til baka augnabliki áður en snjóhengjan hvarf með þungum dyn. Við hlupum niður fjallið og Kátur felldi mig hvað eftir annað, þegar hann stökk og flaðraði upp um mig, glaðari en ég hafði nokkru sinni séð hann.

(Hrafn Jökulsson, 2007, Þar sem vegurinn endar)

Klukkan

Eins og með margar aðrar stórmerkar uppfinningar deila menn um hvar í veröldinni fyrsta klukkan var smíðuð. Sumir segja að fyrsta stjörnuúrið sem smíðað var í Kína á 11. öld hljóti að teljast fyrsta klukkan. En það er ekki víst. Kínverska stjörnuúrið var sannarlega listasmíð en byggði á hugmyndinni um vatnsúrið en vatnsbuna mældi þar gang tímans.

Klukkan sem smíðuð var í Evrópu á miðöldum var hugsuð á annan hátt. Rétt eins og í Kína létu menn haka stjórna gangi úrverksins. En það var lóð sem dreif gangverkið áfram, þungi sem ýmist var meiri eða minni. Frost hafði því engin áhrif á evrópska gangverkið en vatnsúrin þoldu það ekki.

Lóðin í klukkunni drifu gangverkið í henni og gangverkið færði tímamælinn til á skífu. Þetta voru einmitt nýmælin; með hreyfingu lóðanna mátti mæla tímann og það voru tækninýjungar nýju klukkunnar. Tíminn var mældur með hreyfingu upp og niður eða fram og til baka í stað þess að styðjast við vatnsbunu eða sand eins og í eldri tímamælum.

Fyrsti klukkusmiðurinn sem getið er í heimildum var Englendingurinn Ríkharður af Wallingford og lauk hann við smíðina 1336. Hann skrifaði nákvæmar lýsingar á klukku sinni og starfsemi hennar og hefur mátt notast við þær við smíði á klukkum á okkar tímum. Á síðari hluta 14. aldar barst uppfinning Wallingfords um Evrópu.

Munkar héldu þróun klukkunnar áfram í klaustrum Evrópu en þar var stundvísi dyggð og nauðsyn. Guðspjónustur urðu að fara fram á hárréttum tímum dags og nætur en á nóttunni var auðvitað ekki hægt að nota sólúr.

Menn settu síðar klukkur í turna á aðaltorgum borga og bæja og allur almenningur reiddi sig á þær. Þær voru kannski ekki alveg réttar og nákvæmar en sennilega varð hlutur þeirra í samfélaginu æ meiri og nauðsynlegri á 16. og 17. öld.

Þegar klukkurnar urðu betri og nákvæmari jókst notkun þeirra og hlutverk í daglegu lífi manna. Með klukkum var vinnutími fólks mældur nokkuð nákvæmlega, fyrst í námum og vefnaðarverksmiðjum.

Smám saman varð klukkan nauðsynleg á fleiri sviðum samfélagsins. Lewis Mumford er hagsagnfræðingur og telur klukkuna einhvern mikilvægasta þáttinn í iðnbyltingunni á Englandi á 18. öld. Með klukkunni var hægt að líta á tímann sem hverja aðra vöru sem gekk kaupum og sölum. Með henni jókst líka krafan um aukin afköst. Í iðnaðarsamfélaginu rannsökuðu menn hvernig best væri að nýta vinnutímann og orðatiltækið „tíminn er peningar“ varð til.

En mönnum mislíkaði valdið sem klukkan hafði á lífi þeirra og störfum og mótmæltu hástöfum. Kannski er það einmitt þess vegna sem margir taka af sér úrin og líta sjaldan á klukku í fríum og á helgidögum, þannig finnst þeim þeir kannski frjálsari og sínir eigin herrar.

(Úr: *Sagan öll*, nr. 3, 2010)

Riddaramenning á miðöldum

Svonefndar riddarabókmenntir sem spruttu upp við hirðir konunga og aðalsmanna Evrópu voru þýddar á norræna tungu á 13. öld.

Sögurnar lýsa glæstum hirðum, hetjudáðum riddara og ástum þeirra.

Þjóðfélag miðalda var stéttskipt, þar drottnaði fámenn forréttindastétt höfðingja og klerka meðan þorri almennings bjó við bág kjör. Auður og völd byggðust á jarðnæði sem gekk að erfðum. Höfðingjar er áttu stórar jarðir þurftu að verja landsvæðið gegn óvinum sínum. Þeir komu sér því upp öflugum riddaraliði. Riddarar þurftu sjálfir að kosta vopn sín og hesta. Það voru því nær eingöngu fjársterkir aðalsmenn sem urðu riddarar og var uppeldi þeirra við það miðað.

Menntun aðalsmanna

Drengir af allra tignustu ættum fengu kennslu heima fyrir, en meðal aðalsmanna var venja að senda drengi sjö ára gamla í vist til annars aðalsmanns. Þar gegndi drengurinn starfi riddarasveins, fór í sendiferðir, þjónaði til borðs og vann önnur létt störf. Hann lærði hirðsiði, dans og hljóðfæraleik og honum voru kennd undirstöðuatriði kristinnar trúar.

Um 15 ára aldur varð hann skjaldsveinn og hlaut margvíslega þjálfun sem bjó hann undir væntanlegt starf riddara. Hann lærði að sitja hest og fara með vopn. Tímunum saman æfði hann sig ásamt öðrum skjaldsveinum. Ein vinsælasta þrautin var að ríða á fullri ferð að markstólpa, þungum skjaldlaga hlut sem snerist hratt kringum gilda súlu. Stólpann átti að slá til hliðar með lensu. Mistækist það fékk skjaldsveinninn á sig högg og féll af baki.

Sýndi skjaldsveinninn frækilega framgöngu í bardaga gat hann átt von á því að verða sleginn til riddara á vígvelli. Algengast var þó

að skjaldsveinn væri sleginn til riddara tuttugu og eins árs. Athöfnin var hátíðleg og fór fram í kirkju. [...]

Menntun aðalskvenna

Kona miðalda var fædd í heim þar sem hún naut takmarkaðs sjálfstæðis. Í æsku laut hún stjórn föðurins og hún gat átt von á því að verða gefin í hjónaband ung, vart af barnsaldri, og oft gegn vilja sínum. Hún var talin eign eiginmannsins og átti að sýna honum fullkomna hlýðni. Yrði hún ekkja var hún í umsjá sona sinna. Væru synirnir ungir fékk hún fjárhaldsmann sem hafði svipuð völd og faðir hennar og eiginmaður áður.

Lagaleg staða hennar var slæm. Hún gat að vísu erfð lönd og óðul en aðeins ef enginn karlkyns erfingi fannst innan ættarinnar.

Aðalskona hlaut yfirleitt sæmilega menntun. Uppeldið miðaðist að flestu leyti við væntanlegt hlutverk eiginkonu. Hún lærði alla almenna hluti er viðkomu heimilishaldi, en auk þess lærði hún lestur og skrift og fékk tilsögn í söng, dansi og hljóðfæraleik.

Á miðöldum voru ríkjandi margvísleg viðhorf til konunnar. Skáldin lofuðu hana, ortu til hennar og um hana. Í meðförum þeirra varð konan viðkvæm og fögur vera, jafnvel ójarðnesk í fullkomleik sínum.

Kirkjunnar menn litu konuna hins vegar hornauga, fullvissir þess að hún væri ístöðulaus skaðræðisvera sem afvegaleiddi réttláta karlmenn.

Riddurum var ætlað að þjóna henni og aðstoða eftir þörfum en þeir sinntu því hlutverki misvel.

(Baldur Hafstað og Kolbrún Bergþórsdóttir, 1988.
Með kurt og pí, riddarasögur handa grunnskólum)

Vind- og sólarorka

Þó svo að orkugjafar eins og vind- og sólarorka mengi ekki og ofnýti ekki takmarkaða forða, hafa þeir aldrei unnið sér sess sem mikilvægir orkugjafar. Ástæðan er sú, að útbúnaðurinn sem til þarf er svo dýr og rafmagnsframleiðslan að sama skapi lítil, að rafmagnið verður of dýrt og stenst því ekki samkeppni við hefðbundin orkuver.

Nú virðist tuttugu ára gömul uppfinning geta bætt samkeppnishæfni vindorkunnar. Leyndarmálið felst í því að útbúa hólk utan um spaða myllunnar, þannig að þeir snúist inni í eins konar stuttum göngum. Þessi hönnun leiðir af sér undirþrýsting á bak við spaðana, sem síðan hefur það í för með sér, að vindurinn blæs með tvöföldum hraða inni í göngunum.

Upphaflegu tilraunirnar sem gerðar voru á 8. áratugnum leiddu í ljós, að uppgötvunin gat sexfaldað orkuframleiðsluna. En sá böggull fylgdi skammrifi að vindurinn varð svo öflugur,

að ekkert þekkt efni var nægilega sterkt til að nota í hólkinn og mylluspaðana. Þessi vandi hefur nú verið leystur. Nýsjálenskir verkfræðingar sem aldrei hættu að trúá á þessa gömlu uppfinningu hafa þróað nýtt efni sem þolir álagið. Það er úr járnbentu sementi í föstum bandvef, sem styrktur var með málmþráðum.

Ef tilraunirnar takast vel, er ætlunin að byggja tvær myllur sem hvor um sig verður 42 metra há og á hvor þeirra að geta framleitt nægilegt rafmagn til að uppfylla orkuþarfir 1500 manns. Verð rafmagnsins verður svo það sama og hjá hinum hefðbundnari orkuverum.

(Úr: Lífandi vísindi nr. 2/97)